Íslandsdeild ÖSE-þingsins 21. nóvember 2025

F R Á S Ö G N

af haustfundi ÖSE-þingsins í Istanbúl 17.–19. nóvember 2025.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Arna Lára Jónsdóttir, formaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, varaformaður, og Pawel Bartoszek, auk Hildar Edwald, sérfræðings í alþjóðamálum. Þema fundarins þetta árið var ÖSE-þingið 50 ára: Fjölþjóðasamvinna með samtali og samvinnu. Helstu mál á dagskrá voru árásarstríð Rússa í Úkraínu, málefni Miðausturlanda og staða alþjóðasamvinnu í dag.

Pere Joan Pons, forseti ÖSE-þingsins, setti fundinn og sagði að brýnt væri að styrkja fjölþjóðasamstarf, styðja Úkraínu, vinna að friði í Miðausturlöndum og takast á við loftslagsvána með sanngjörnum lausnum. Hann undirstrikaði mikilvægi lýðræðis, kosningaeftirlits og jafnréttis og hvatti alla til að verja samskipti og samstarfsvettvang þingmanna og halda opnu samtali því að samtal og samvinna væru lykillinn að friði og öryggi. Formaður tyrknesku landsdeildarinnar, Selami Altinok, ávarpaði þá fundinn og lagði áherslu á mikilvægi samvinnu, lýðræðis og fjölþjóðahyggju á tímum áskorana og upplýsingaóreiðu. Hann hvatti til áframhaldandi samtals og sagði ÖSE-þingið vera vettvang þar sem gildi, fólk og sjónarmið mættust á grundvelli gagnkvæms skilnings og sterkra tengsla. Framkvæmdastjóri ÖSE, Feridun H. Sinirlioğlu, hvatti í ávarpi sínu til aukins samtals, heiðarlegrar og víðtækrar umræðu og lausnamiðaðrar samvinnu. Hann sagði gagnkvæman skilning ÖSE-ríkjanna vera lykilatriði í framtíðarskipan öryggismála í Evrópu. Numan Kurtulmuş, forseti tyrkneska þingsins, ávarpaði þá fundinn og sagði að heimurinn stæði frammi fyrir fordæmalausum áskorunum þvert á landamæri sem krefðust endurnýjaðs alþjóðakerfis sem byggði á jafnrétti, réttlæti og ábyrgð þar sem öll ríki og allir einstaklingar nytu jafns réttar. Hann kallaði eftir nýrri og sanngjarnari alþjóðlegri skipan og sagði ÖSE-þingið gegna lykilhlutverki í að koma í veg fyrir átök og stuðla að friði, þar á meðal í Úkraínu og Gaza.

Haustfundinum var skipt upp í þrjár umræður. Sú fyrsta bar yfirskriftina „Að brúa sjónarmið: Að efla samræður, sáttaumleitanir og traust á tímum óvissu“. Frummælendur í þeirri umræðu voru Çağrı Erhan, ráðgjafi forseta Tyrklands, Helga Maria Schmid, forseti European Institute of Peace, og David Harland, framkvæmdastjóri Centre for Humanitarian Dialog. Fundarstjóri var Pia Kauma, fyrrverandi forseti ÖSE-þingsins. Þau lögðu áherslu á að heimurinn stæði frammi fyrir samtvinnuðum og erfiðum áskorunum; stríðum, lofstlagsvá, upplýsingaóreiðu, brostnu trausti, breyttu valdajafnvægi og að þessir erfiðleikar sköpuðu óvissu í alþjóðamálum. Fulltrúar Tyrklands sögðu að sáttamiðlun og diplómasía væru nauðsynleg og bentu á langa reynslu Tyrkja af miðlun deilumála víða um heim, allt frá Balkanskaga til Miðausturlanda og Afríku. Helga Maria Schmid benti á að alþjóðakerfið væri að bresta vegna skorts á samstöðu ríkja. Fjölþjóðastofnanir stæðu höllum fæti, reglur væru brotnar og traust hefði laskast. Hvatti hún til raunverulegra úrræða og víðtæks samtals þar sem ungt fólk, konur og minnihlutahópar tækju virkan þátt. Fjölluðu þau um að ÖSE væri í kröggum vegna skorts á samkomulagi og fjármagni á sama tíma og þörfin fyrir vettvang sem þann væri meiri en nokkru sinni fyrr. Þrátt fyrir erfiðleika gegnir ÖSE enn lykilhlutverki sem vettvangur fyrir samtal og samvinnu.

Í opnum umræðum sem á eftir fóru lýstu flestir þátttakendur yfir djúpum áhyggjum af versnandi öryggisástandi, stríði í Úkraínu og á Gaza, hnignun fjölþjóðasamstarfs og brostnu trausti á milli ríkja. Ræðumenn lögðu áherslu á að samtal og sáttamiðlun væru nauðsynlegri en nokkru sinni og að ÖSE hefði lykilhlutverki að gegna í að halda samtalinu opnu, að byggja upp traust og verja alþjóðalög, mannréttindi og lýðræðisgildi. Kallað var eftir sterkari tengslum á milli ÖSE og ÖSE-þingsins og auknu fjármagni og endurnýjuðum skuldbindingum við Helsinki

lokagerðina. Almennt ríkti samhljómur um að fjölþjóðasamstarf væri í kreppu og að upplýsingaóreiða og pólun grafi undan trausti en þrátt fyrir erfiðar aðstæður væri ÖSE-þingið og ÖSE ómissandi vettvangur fyrir frið, samtal og jafnrétti byggt á reglum og sameiginlegum gildum. Pawel Bartoszek tók þátt í umræðum og fjallaði í ræðu sinni um að vissulega væri samtal, sáttamiðlun og traust mikilvægt. Það yrði að halda því til haga að Rússar réðust inn í Úkraínu og brutu þar með alþjóðalög. Skortur á trausti í alþjóðasamfélaginu væri vegna brota Rússa og skorti á viðbrögðum frá alþjóðasamfélaginu. Óvissan sem uppi væri í dag og fjallað var um væri vegna aðgerða Rússa en ekki vegna þess að ríki heims væru ekki tilbúin að verða við kröfum þeirra. Hann sagði að stundum væri þörf á sáttamiðlun og málamiðlun og að stundum væri nauðsynlegt að mætast í miðjunni en sannleikurinn lægi ekki endilega í miðjunni. Sannleikurinn væri sá að Rússland olli þessu stríði.

Önnur umræðan bar yfirskriftina „Að efla reglubundin alþjóðaviðskipti: Að vernda sanngirni, tengsl og sjálfbæran vöxt“. Frummælendur í þeim umræðum voru Azay Guliyev, formaður nefndar um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál á ÖSE-þinginu, John Drummond, deildarstjóri viðskipta hjá OECD og Bakyt Dzhusupov, umsjónarmaður (co-ordinator) efnahags- og umhverfismála hjá ÖSE. Fundarstjóri var Gudrun Kugler, varaforseti ÖSE-þingsins. Þau fjölluðu um hvernig efnahagsbreytingar, breytt valdajafnvægi og versnandi öryggisástand hefðu áhrif á viðskipti, tengsl og stöðugleika. Kína væri orðið ráðandi í heimsframleiðslu og að þjónustuviðskipti væru vaxandi. Reglubundið alþjóðaviðskiptakerfi væri orðið brothætt sem auki áhættu fyrir smærri ríki. ÖSE var lýst sem einstökum vettvangi þar sem efnahagsleg tenging og öryggissamvinna mættust og þar væri geta til að draga úr óvissu í hröðum kerfisbreytingum. Ræðumenn lögðu áherslu á að efla þyrfti sjálfbæra efnahagslega samþættingu, styrkja þyrfti aðfangakeðjur, bregðast við loftslagsvandanum og fjárfesta í grænni orku. John Drummond lagði til þrjár lykillausnir: Gera aðfangakeðjur seigari, nýta tækifæri gervigreindar með aukinni hæfni og innviðum og efla alþjóðlegt skattasamstarf. Ræðumenn voru sammála um að fjölþjóðasamstarf sé í umbreytingu og aðlagast þurfi nýjum veruleika. Byggja þurfi upp samstarf á trausti, virðingu fyrir reglum og sterkum tengslum milli ríkja, einkageira og samfélags.

Pawel Bartoszek tók þátt í umræðunum og fjallaði hann um að alþjóðaviðskiptakerfið væri undir mikilli pressu. Frjáls viðskipti væru að víkja fyrir verndaraðgerðum og nú væri verið að gera samninga sem ekki hefðu flokkast sem frjáls viðskipti fyrir nokkrum árum. Þrátt fyrir þetta væri Ísland ásamt hinum EFTA-ríkjunum að gera viðskiptasamninga við ríki eins og Síle, Indland, Taíland og Malasíu. Hann sagði áskorunina ekki bara vera utanaðkomandi. Mörg ríki ÖSE-þingsins væru hluti af stórri viðskiptablokk: Evrópusambandinu. Ísland og Noregur, sem bæði væru að fullu tengd innri markaðinum í gegnum EES-samninginn og fylgdu öllum reglum hans, væru nú í hættu vegna tillagna frá Evrópusambandinu um að grípa til verndarráðstafana gegn tilteknum þungaiðnaði, járnblendi og þar á meðal kísiljárni. Hann sagði þetta snúast í grundvallaratriðum um sanngirni og reglur og taldi staðfastlega að þessar ráðstafanir styngjust á við bókstaf og anda EES-samningsins.

Þriðju umræðurnar báru yfirskriftina „Mannleg reisn fyrst: Að vernda líf, standa vörð um réttindi og styðja fjölskyldur og samfélög“. Frummælendur voru Sarah Muscroft, forstöðumaður viðbragðsdeildar á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir samræmingu mannúðarmála, Paolo Marchi, fulltrúi UNICEF í Tyrklandi, og Şebnem Akçapar frá Social Sciences University í Ankara og gestaprófessor við Geneva Graduate Institute. Fundarstjóri var Luis Graça, varaforseti ÖSE-þingsins. Sarah Muscroft sagði í ræðu sinni að alþjóðlegt mannúðarkerfi væri undir áður óþekktri pressu, fjármögnun væri lægri en nokkru sinni fyrr og dygði aðeins fyrir litlum hluta af raunverulegri þörf. Skortur á fjármagni neyði stofnanir til að draga úr viðveru, starfsmannahaldi og samhæfingu sem ógni grunnstoðum mannúðaraðstoðar. Hún kallaði eftir því að ríki heims virði alþjóðleg mannúðarlög, tryggi óhindraðan aðgang fyrir hjálparstarf og nýti pólitískt afl sitt til að vernda hjálparstarfsmenn og styðja samræmda fjármögnun og ákvarðanatöku. Paolo Marchi minnti á að börn beri þyngstu byrgðar áfalla, hvort

sem um væri að ræða stríð, loftslagsvá eða náttúruhamfarir. Milljónir barna missi aðgang að vatni, menntun og heilbrigðisþjónustu. Um 50 milljónir barna voru á vergangi í lok árs 2023. UNICEF hafi brugðist við hundruðum mannúðarkrísa á síðasta ári en skortur sé á samhæfingu og réttum verkfærum sem og stöðugri fjármögnun. Mikilvægt væri að stofnanir vinni saman. Şebnem Akçapar fjallaði um mannlega reisn sem grundvallargildi mannréttinda. Það væri ekki nóg að vernda líf, fólk yrði að hafa tækifæri til að lifa frjálsu og mannsæmandi lífi með aðgang að menntun, réttlæti og samfélagi. Þá hvatti hún ríki og alþjóðastofnanir til að vinna saman að því að koma í veg fyrir mansal, efla jafnrétti og styðja innflytjendur og flóttafólk. Megnið af fólki á flótta í dag væri á flótta innan eigin landa. Hún hvatti til þess að mannréttindi og mannleg reisn yrðu sett í forgang áður en erfiðleikarnir magnist enn frekar.

Samhliða haustfundinum fundaði Íslandsdeild með landsdeildum Norðurlandanna. Þar var rætt um samstarf Norðurlanda á vettvangi ÖSE-þingsins. Einnig fundaði Íslandsdeild ásamt landsdeildum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna með landsdeild Úsbekistan. Umræðuefnið á þeim fundi var hugsanlegt samstarf NB8-hópsins með Mið-Asíuríkjunum, hvernig forma mætti það samstarf og hvaða málefni væru þar efst á baugi. Rætt var um samstarf á vettvangi grænnar orku, jafnréttismála, samfélagsöryggis og menntunar.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.